

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 19/1952.

Daníel Sigurðsson

gegn

Sigurði Jóhannessyni.

Kröfu um frest hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. október þ. á., er hingað barst 9. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 1. s. m., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli aðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur og að honum verði veittur þriggja vikna frestur í málinu, en til vara frestur eftir mati dómsins. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Daníel Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Sigurði Jóhannessyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, hefur Sigurður Jóhannesson, Norðurgötu 13, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. október 1950, gegn Daníel Sigurðssyni sjómanni, Þvervegi 14 hér í bæ, til greiðslu á kr. 63.820.97 með 6% ársvöxtum af kr. 7000.00 frá 7. marz 1949 til 11. s. m., af kr. 9.157.60 frá þeim degi til 31. des. 1949 og af kr. 63.820.97 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi hefur og stefnt til réttargæzlu þeim Birni kaupmanni Guðmundssyni, Sogabletti 8 hér í bænum, og Haraldi Þór Friðbergssyni vélsmíðameistara, Hvanneyrarbraut 13, Siglufirði, en eigi haft uppi kröfur á hendur þeim.

Stefndi Daniel hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Réttargæzlustefndi Björn hefur krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi hinn 7. marz 1949 keypt af réttargæzlustefnda Haraldi tveggja cylindra Scandia bátavél, 12—15 ha, fyrir kr. 7000.00. Kvað seljandi vélina lítið notaða og í gangfæru standi. Kvaðst seljandi selja vélina í umboði réttargæzlustefnda Bjarnar, er væri umboðsmaður stefnda Daniels. Er stefnandi hafði sett vél þessa í trillubát sinn, reyndist hún ófær til að knýja skrúfuna, hvernig sem stefnandi og aðstoðarmenn hans reyndu. Skýrði stefnandi Haraldi frá þessu, og sendi hann vélstjóra til að lagfæra vélina, en tilraunir hans urðu árangurslausar. Tjáði stefnandi síðan Haraldi, að hann óskaði að rifta kaupin, afhenda seljanda vélina og fá endurgoldið kaupverðið. Síðar skýrði Haraldur honum frá því, að stefndi Daniel væri ófáanlegur til að ganga að þessu. Vélin kom stefnanda ekki að neinum notum, og var engin leið að útvega aðra vél nothæfa í bátinn á vor-, sumar- og haustvertíð 1949. Hefur stefnandi af þessum sökum höfðað mál þetta og rakið kröfur sínar svo:

1. Kaupverð vélarinnar	kr. 7.000.00
2. Kostnaður af að setja vélina í bátinn	— 2.157.60
3. Bætur til ráðins formanns á bátnum	— 19.817.29
4. Aflahlutur stefnanda, að frádregnum útgerðarkostnaði ..	— 34.846.08

Alls kr. 63.820.97

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að á árinu 1942 hafi Jóhann nokkur Snæbjörnsson keypt fyrir hann vélina af Sigurði Sveinbjörnssyni vélsmíðameistara hér í bænum. Fékk stefndi vélina í umbúðum og tók hana aldrei úr þeim þann tíma, sem hann átti hana. Snemma árs 1949 bað stefndi réttargæzlustefnda Björn að selja hana. Fékk Björn réttargæzlustefnda Harald í lið með sér, og var vélin seld stefnanda. Rétt eftir miðjan júlímánuð 1949 tjáði Haraldur stefnda, að stefnandi vildi rifta kaupin, en stefndi svaraði því til, að sér hefði verið seld vélin sem lítið notuð og í góðu lagi. Þannig hafi hún og verið, þegar hún var afhent stefnanda. Hefur stefndi í málinu mótmælt því, að nokkuð hafi verið að vélinni, er stefnandi tók við henni. Einnig hefur hann talið kvörtun stefnanda allt of seint fram komna.

Mál þetta var þingfest 7. des. 1950, en sameiginlegir frestir til gagnaöflunar voru veittir aðiljum 11. jan. 1951 og stóðu yfir allt til 17. janúar 1952, en þá lýstu umboðsmenn þeirra yfir því, að gagnaöflun væri lokið. Í gær var ákveðið þinghald til munnlegs flutnings málsins, en er málflutningur skyldi hefjast, óskaði lögmaður stefnda frests í þrjár vikur til aukinnar gagnaöflunar, þar á meðal vættis fyrrnefndra Jóhanns Snæ-

björnssonar og Sigurðar Sveinbjörnssonar svo og ónafngreinds véla-
eftirlitsmanns Fiskifélags Íslands, en hann kvað hafa skoðað vélina 1942.
Lögmaður stefnda mótmælti frekari frestun málsins, og var málið því
tekið til úrskurðar um frestbeiðnina.

Pegar þess er gætt, hversu langan tíma aðilar hafa átt kost á að afla
gagna í málinu, þykja efni ekki standa til að veita frekari frest í þessu
skyni gegn mótmælum stefnanda, enda hefur ekki verið gert sennilegt,
að vandkvæði hafi verið á að afla fyrrgreindra vætta. Ber því að synja
frestbeiðni stefnda.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur skal eigi veittur.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 21/1952.

Ákærvaldið

gegn

Sigurði Norðmann Júlíussyni

og

Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur.

Kæru ákvæðis héraðsdóms um málsvarnarlaun vísað frá
Hæstarétti, sbr. 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 29. apríl 1952 var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn
upp dómur í máli, sem höfðað hafði verið gegn varnaraðiljum
af ákærvaldsins hálfu. Var varnaraðiljum dæmd refsing
samkvæmt 147. gr. laga nr. 19/1940 og gert að greiða allan
kostnað sakarinnar, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verj-
anda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 150.00. Með bréfi, er hingað barst hinn 15. þ. m., hefur
verjandinn kært ákvæði héraðsdómsins um málsvarnarlaun.

Samkvæmt 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951 getur dóms-
málaráðherra einn kært til æðra dóms eða leyft aðila að
kæra ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Eigi verður séð,